



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Kjaranefnd Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 3. júlí 2025

MSS25040037

UMSÖGN

Umsögn kjaranefndar Reykjavíkurborgar um beiðni um endurupptöku á ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkur á viðbótareiningum fjármálastjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

Með tölvupósti, dags. 11. apríl 2025, var óskað eftir umsögn kjaranefndar Reykjavíkurborgar (hér eftir KNR) um beiðni um endurupptöku á ákvörðun KNR á viðbótareiningum fjármálastjóra umhverfis- og skipulagssviðs (hér eftir stjórnandi).

Með bréfi dags. 30. september 2024 tilkynnti KNR um meðferð máls og andmælarétt vegna fyrirhugaðrar endurákvörðunar á röðun starfs stjórnanda í viðbótareiningakerfi. Andmælafrestur var gefinn til 15. október 2024. Andmæli bárust frá stjórnanda þann 15. október. Andmælin sneru að því að stjórnandi óskar eftir að viðbótareiningar séu metnar út frá fjárhagslegri umsýslu og ábyrgð.

KNR svaraði því að viðbótareiningakerfið væri ekki til endurskoðunar í þeirri ákvörðun sem var til umfjöllunar og því ekki til andmæla heldur einungis ákvörðun um fjölda eininga sem reiknast einstöku starfi á grundvelli viðbótareiningakerfisins. Því áttu andmælin sem sneru að kerfinu ekki við í þeirri málsmeðferð. Jafnframt benti KNR á 9. gr. Samþykktar borgarstjórnar frá 20. september 2022 fyrir kjaranefnd Reykjavíkur en þar segir orðrétt eftirfarandi um málsmeðferð:

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna. Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka málið upp að nýju.

Í greinargerð stjórnanda með bréfi til borgarráðs dags. 7. apríl sl. kemur fram að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að þættir sem notaðir eru til að ákvarða viðbótareiningar þ.e. setuskylda í ráðum og nefndum, fjöldi næstu undirmanna, umfang og orðsporsáhætta séu mælikvarði á umfang og álag sem felast í starfi fjármálastjóra umhverfis- og skipulagssviðs þar sem enginn þessara þátta er metinn út frá fjárhagslegri umsýslu og ábyrgð.



Reykjavík



Skv. gr. 3.1. og 3.2 í verklagsreglum KNR ákvarðar nefndin föst heildarlaun stjórnenda sem samsett eru úr grunnlaunum og föstum einingum sem ákvarðaðar eru í viðbótareiningakerfi. Fastar einingar eru til að mæta yfirvinnu og ótímabundnu álagi sem starfi stjórnanda fylgir.

Það er mat kjaranefndar að fjárhagsleg ábyrgð stjórnanda sé metin í grunnlaunaröðun hans og að í röðun til grunnlauna felist mismunandi ábyrgð hvort sem um er að ræða ábyrgð á fjármunum eins og í tilfelli fjármálastjóra, ábyrgð á mannauði í tilfelli mannauðsstjóra o.s.frv.

Viðbótareiningum er ætlað að umbuna fyrir álag í starfi sem ekki er tekið tillit til í grunnröðun og er markmið með viðbótareiningakerfinu að ákvarðanir um viðbótareiningar séu teknar með gagnsæjum hætti út frá skilgreindum viðmiðum og vægi sem ætlað er að meta yfirvinnu og álag í starfi og nær kerfið jafnt yfir starf umrædds stjórnanda og annarra sem heyra undir launaákvarðanir KNR (sjá hjálagðar ákvarðanir).

Í bréfi stjórnanda til borgarráðs kemur fram að kjaranefnd hafi við gerð viðbótareiningakerfisins óskað eftir upplýsingum um fjármálaupplýsingar stjórnenda sem heyra undir launaákvarðanir kjaranefndar en fallið hafi verið frá því að nota þær upplýsingar. Eins og áður hefur komið fram bæði á fundi með stjórn Félags stjórnenda Reykjavíkurborgar þann 9. september 2020 og á kynningarfundum sem haldnir voru með kjaranefndarröðuðum stjórnendum í janúar og september 2020 þá var í upphafi kallað eftir fjármálaglegum upplýsingum frá sviðunum. Erfitt var að nálgast þær upplýsingar niður á einstaka stjórnendur og var því fallið frá því að notast við fjárhagsrammann sem hluta af matsþáttum viðbótareiningakerfis. Ekki stóð til að nota upplýsingar um rekstrarkostnað sviðanna í heild sinni eða fjárfestingaráætlanir heldur var óskað eftir upplýsingum um heildarrekstrarútgjöld með launaútgjöldum og bókuð launaútgjöld þeirra skipulagseininga sem umræddir stjórnendur stýra. Því stóð aldrei til að notast við þá ætti sem stjórnandi nefnir í bréfi sínu.

Varðandi umfang og flækjustig rekstrar á umhverfis- og skipulagssviði var eins og fram kemur í ákvörðun nr. 4/2024, í mati á orðsporsáhættu meðal annars horft til þess hvort um er að ræða lögbundna þjónustu eða starfsemi sem lýtur að öryggi borgara og fá stjórnendur á umhverfis- og skipulagssviði hátt mat á þessum þætti.

Það er mat KNR að starfi stjórnanda sé rétt raðað í viðbótareiningakerfið og telur ekki tilefni til endurupptöku ákvörðunar KNR nr. 40/2024 um fjölda viðbótareininga fjármálastjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

Virðingarfyllst,

Ólafur Darri Andrason,
Erna Guðmundsdóttir og
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

Hjálagt:

Viðbótareiningakerfið: Afturköllun og endurákvörðun nr. 3/2020 (ákv. nr. 3-4/2024).

Röðun starfs fjármálastjóra umhverfis- og skipulagssviðs í viðbótareiningakerfi: Ákvarðanir 39-40/2024